



FÉLAG FRAMHALDSSKÓLAKENNARA
Laufásvegi 81, 101 Reykjavík Sími 595 1111
ff@ki.is www.ki.is

6. aðalfundur Félags framhaldsskólakennara 20. – 21. mars 2014

Samþykkt Félags framhaldsskólakennara 20. - 21. mars 2014 um stefnu félagsins 2014-2017 í kjaramálum og kjarasamningum

1. Laun og launaþróun

- Laun í framhaldsskólum standist samanburð við laun annarra sérfræðinga með sambærilega menntun og ábyrgð í störfum.
- Launaþróun í framhaldsskólum sé í kjarasamningi tengd við launaþróun annarra sérfræðinga með sambærilega menntun og ábyrgð í störfum.
- Tryggðir verði möguleikar á launahækkun vegna góðs árangurs í starfi.

2. Menntun og starfsþróun

- Grunnmat á menntun og lokaprófum félagsmanna verði tryggt óháð skólum þannig að sömu próf gefi að lágmarki sömu röðun til launa.
- Öllum framhaldsskólum verði gert skylt að auka vægi starfsreynslu í launasetningu.
- Starfsreynsla úr atvinnulífinu sé metin til launa.
- Auknir fjármunir komi til starfsþróunar og bætt skilyrði til að stunda starfsþróun.
- Réttur til launaðra námsorlofa verði færður inn í miðlægan kjarasamning.

3. Starfskjör og starfsskilyrði

- Viðmið um fjárveitingar til framhaldsskóla hafi raunhæfa tengingu við launakostnað.
- Nemendafjöldi verði þáttur í vinnumati kennarastarfsins og fjöldi og eðli ólíkra áfanga/námsefna/námssgreina.
- Störf náms- og starfsráðgjafa fái viðmið eða ramma utan um eitt ársstarf og 300 nemendur verði að hámarki á hvert stöðugildi í ráðgjöf.
- Framhaldsskólar fái fjárframlög og reiknaðan stundafjölda á hvern nemanda vegna nemendatengdra og fagtengdra verkefna s.s. umsjónar, fagstjórnar, skólaþróunarvinnu, stoðkerfis og ráðgjafar.
- Samið verði um vinnutímaskilgreiningar kennara í fjar- og dreifkennslu í miðlægum kjarasamningi.

- Framhaldsskólum verði tryggt fé til að greiða fyrir forfallakennslu svo sem vegna veikinda og þátttöku félagsmanna í starfsþróun á starfstíma skóla og vegna afleysinga. Réttur nemenda til fullrar kennslu verði tryggður.
- Fjármagn komi til handleiðslu félagsmanna og skilgreindur réttur þeirra til handleiðslu á starfstíma skóla.
- Leiðsögn náms- og starfsráðgjafa vegna starfsþjálfunar nemenda háskólastofnana í framhaldsskólum verði launuð skv. kjarasamningi.
- Standa skal vörð um réttindi kennara til sveigjanlegs vinnutíma.
- Vinnuaðstaða félagsmanna uppfylli þær kröfur sem starfið gerir á hverjum tíma.
- Kennari ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni sem nemandi verður fyrir í kennslu.

4. Samningagerð á vinnustöðum

- Skólastjórnendur tryggi fulltrúum kennara aðgang að upplýsingum um fjármál og rekstur skóla.
- Aukinn verði stuðningur við samningastarf í framhaldsskólum til að tryggja fagleg vinnubrögð, jafnræði og gagnsæi í gerð og framkvæmd samninga til að koma í veg fyrir mismunun í störfum og kjörum.
- Aukinn verði stuðningur við fulltrúa kennara sem koma að starfsmannamálum í framhaldsskólum og sinna starfsumhverfismálum.
- Trúnaðarmönnum verði tryggð aðstaða og umbun fyrir störf sín.

5. Einkaskólar á framhaldsskólastigi

- Gerðir verði kjarasamningar við skóla- og fræðslustofnanir sem bjóða upp á nám á framhaldsskólastigi og starfa með þjónustusamningi við menntamálaráðuneytið. Gerðar verði sömu kröfur til menntunar og réttinda kennara - þar sem um einingarbært nám er að ræða - og í ríkisreknum skólum.